



4. fundur stjórnar Aftureldingar 1. júní 2011

Fundur settur kl. 17:20 að Varmá

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Kristín Reynisdóttir og Sævar Kristinsson. Hekla Klemenzdóttir, Guðjón Helgason og Helga Jóhannesdóttir höfðu boðað forföll.

Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Bréf frá foreldrum til aðalstjórnar
2. Formannafundur
3. Aðstöðumál
4. Önnur mál.

1. Bréf frá foreldrum til aðalstjórnar

Tekið til umfjöllunar bréf sem foreldrar iðkanda í knattspyrnu höfðu sent til stjórnarmanna í tölvupósti þar sem fram komu athugasemdir við skipulag starfsins. Ákveðið að boða formann knattspyrnudeildar, yfirþjálfara og þjálfara viðkomandi barns á fund aðalstjórnar til að ræða málið þriðjudaginn 7. júní kl. 17:15. Strax í framhaldi af þeim fundi, kl. 18, verða foreldrarnir boðaðir á fund með ofangreindum aðilum.

2. Formannafundur

Næsti formannafundur verður haldinn **miðvikudag 8. júní kl 17:15**. Aðal fundarefni verða aðstöðumál félagsins. Formenn verða beðnir að skila inn til framkvæmdastjóra punktum um aðstöðupörf sinna deilda ekki síðar en þriðjudag 7. júní.

3. Aðstöðumál

Framkvæmdastjóri og formaður fóru yfir þá vinnu sem í gangi hefur verið varðandi aðstöðumálin og þá sérstaklega hvað varðar fimleika. Framkvæmdastjóri og formaður munu funda með bæjarstjóra á föstudag þar sem vonast er til að mál skýrist varðandi samninga við bæinn og afstöðu bæjaryfirvalda varðandi aðstöðumál.

4. Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 18:46

Næsti fundur stjórnar ekki dagsettur.

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar